

Nánar um verklegar æfingar

Á hverjum ofangreindum föstudögum kl. 9:00 fær einn læknanemi hvers hóps það verkefni að taka sjúkrasögu og framkvæma skoðun á sjúklingi. Fær læknaneminn 2 klukkustundir til að ljúka við verkefnið en ekki er gert ráð fyrir að kennari sé viðstaddur. Í kjölfarið, eða kl. 11:00, hittir læknaneminn aðra nemendur úr sínum hópi ásamt kennara og kynnir niðurstöður sínar fyrir þeim. Síðan fer fram umræða um meginvandamál sjúklingsins. Gert er ráð fyrir að þessi umræðufundur standi yfir í 1 klukkustund. Æskilegt er að hópurinn fari að sjúkrabeði sjúklingsins til að meta nánar áhugaverð teikn sem kunna að vera fyrir hendi. Læknaneminn ritar síðan sjúkraskrá án persónuupplýsinga sem innifelur vandamálalista. Hann afhendir kennara sjúkraskrána til yfirferðar innan þriggja daga. Ætlast til að kennari skili sjúkraskránni til baka fáeinum dögum síðar með gagnlegum ábendingum.

Hver nemandi mætir í tvö skipti og fylgist með samnemanda taka sjúkrasögu og framkvæma líkamsskoðun. Neminn sem fylgist með hefur gátlista sem hann fyllir í. Gátlistinn tekur til helstu atriða í töku sjúkrasögu og framkvæmd líkamsskoðunar. Sá sem fylgist með gefur endurgjöf til samnemanda eftir skoðunina sem hluti af umræðunni um tilfellið með sérfaðingnum í framhaldi af sögutöku og líkamsskoðun. Útfylltum gátlista skal skila til Elísabetar Lilju (elisaha@landspitali.is).

Nemendur raða sér sjálfir í hópa á Canvas og er hópstjóri í hverjum hóp sem sér um að raða nemendum niður á kennsludaga og tryggja að einhver annar mæti ef upp koma forföll. Hópstjóri verður í sambandi við tengilið á hverri kennslustöð.

Leiðbeinendur fylla út matsblað sem nemi fær eftir kynninguna og sendir nemi skjáskot af því matsblaði til Elísabetar Lilju.

Athugið að skil sjúkraskráa og matsblaði fyrir klíníkina eru forsenda þess að nemendur fái námskeiðið metið.